# Athugun á árangri VIRK

Talnakönnun
Benedikt Jóhannesson
Erindi á ársfundi VIRK 21. apríl 2015

# Markmið VIRK

- Markmið VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar  hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

# Verkefnið

- Að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað, en árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.

# Örorkulífeyrisþegar TR 1986–2061 (Spá 2015–2061)



# Hlutfall karla á örorku hjá TR



# Hlutfall kvenna á örorku hjá TR



# Fjölgun lífeyrisþega hjá lífeyrissjóðum 2009–2013



# Mánaðarlaun þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri



# Launaferlar eftir kyni og aldri

- Myndin sýnir að um er að ræða mikla peninga fyrir einstaklingana sem um ræðir, en ekki síður lífeyrissjóðina, Tryggingastofnun og ríkið sem verður af tekjum í gegnum skatta.

# Hvernig tókst starf VIRK?

- Á glærunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið.

# Grunnmat: Laun á vinnumarkaði. Staða við útskrift



# Grunnmat: Atvinnuleysisbætur. Staða við útskrift



# Grunnmat: Sjúkradagpeningar. Staða við útskrift




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Endurhæfingarlífeyrir. Staða við útskrift



# Grunnmat: Engar tekjur en í framfærsluþörf. Staða við útskrift



# Grunnmat: Örorkulíf. frá lífeyrissj. eða TR. Staða við útskrift.



# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- Niðurstaðan ræðst af forsendum, en tíminn leiðir í ljós hverjar eru raunhæfastar.

# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- Reiknað er með því að þeir sem eru á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR þegar þeir koma inn og útskrifast á vinnumarkað hefðu orðið varanlegir öryrkjar án VIRK.

- Reynslan sýnir að fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.

# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- Reiknað með að helmingur þeirra á sem eru á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað hefði farið á örorku út starfsævina.

- Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.

# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.

# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- Þessar forsendur gefa 11,2 milljarða króna í ávinning (9,7 milljarða árið 2013).
- Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,8% frávik í plús eða mínus eða um +/-200 milljónir króna.
- 48 mánuðir gefa 8,8 milljarða kr. og 36 mánuðir 6,4 milljarða.

# Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við grunnmat



# Iðgjöld og hugsanlegur sparnaður af starfi VIRK 2014




Iðgjaldamegin sýnir blái stöpullinn rekstrarkostnað árið 2014

# Skipting ábatans af starfi VIRK



# Sjóðir VIRK

- Oft heyrist að engin ástæða sé til þess að borga iðgjöld til VIRK því að þar séu miklir sjóðir. Talnakönnun mat hve mikla fjármuni þyrfti að nota til þess að ljúka meðferð þeirra sem hafa þegar byrjað hana. Niðurstaðan er 2,4 milljarðar króna í skuld.
- Sjóðir VIRK um áramót voru 2,7 milljarðar –um 300 millj. meira.

# Niðurstaða

- Heildargreiðslur vegna örorku frá lífeyrissjóðum voru um16 milljarðar árið 2013 og líklega um 18 milljarðar árið 2014.
- Skuldbinding lífeyrissjóðanna vegna örorku var í árslok 2013 um 369 milljarðar króna og líklega nálægt 400 milljörðum núna. Því er um geysimikla hagsmuni að ræða.

# Græðist örugglega eitthvað?

- Enginn getur sagt til um það með vissu hver afraksturinn er af starfi VIRK. Hagsmunirnir sem í húfi eru réttlæta það hins vegar að spyrnt sé rækilega við fótum.
- Nýta þarf reynsluna vel til þess að læra af því sem betur má fara.



TALNAKÖNNUN HF